



Áveitan

10. tbl. 13. árgangur. Október 2019

Eftir-réttaballið 2019

Eftir seinni réttir kemur að sjálfsgöðu Eftir-Réttaballið! Gleðin verður haldin í Félagslundi laugardagskvöldið 5. október n.k. Húsið opnar kl 22:00 og ballinu líkur kl 02:00 eftir miðnætti.


Stuðinu heldur uppi einn vinsælasti plötusnúður landsins, DJ Atli Kanill, sem kemur alla leið úr hinum blómstrandi bæ Hveragerði. Hann spilar stuðtónlist frá öllum áratugum fyrir allan aldur og lofar jafnvel einum sprellfjörugum hringdans fyrir sveitunga.

Miðaverð er 3000 kr og innifalið er rútufar með Siggaferðum heim af ballinu. Rútan mun keyra um Flóahrepp, á Selfoss og til Stokkseyrar. Aldurstakmark á ballið er 18 ár.

Það er ekki seinna vænna að fara að pússa dansskóna og mæta á þetta skemmtilega ball sem sló algerlega í gegn á síðasta ári.

Tökum kvöldið snemma og fyllum dansgólfið á mínúttunni tíu!

Flóamenn: skyldumæting



Umf. Þjóttandi

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Nú eru liðin jafndægur á hausti og haust verið milt og gott það sem af er.

Nettengingar

Það er gott að hugsa til þess að nú eiga íbúar í Flóahreppi kost á öflugri nettengingu í gegnum ljósleiðara en bent er á að tryggja þarf að endabúnaður frá þeim fjarskiptafyrirtækjum, sem íbúar semja við sé fullnægjandi sem og lagnir innanhúss. Mikilvægt er að láta yfirfara innanhússlagnir og búnað sem getur þurft að uppfæra í samræmi við meiri gagnaflutning.

Fréttir frá skrifstofunni

Á skrifstofu Flóahrepps er unnið að reglubundnum verkefnum og framundan er fjárhagsáætlunargerð hjá starfsmönnum og sveitarstjórn. Innleiðing á rafrænu bókhaldi og rafrænum skilum á reikningum hefur staðið yfir frá því um áramót og má segja að flestir skili nú sínum reikningum rafrænt beint inn í gátt að bókhaldskerfinu okkar sem sparar heilmikinn pappír. Einn hluti hagræðingarinnar er að stjórnendur skóla og leikskóla geta nú samþykkt reikninga sem tilheyra starfinu við tölvuna hver á sinni skrifstofu í gegnum aðgangsorð að þeim reikningum sem tilheyra hverri stofnun. Þetta flýttir fyrir og sparar auk þess nokkurn akstur. Eitt skref enn í átt að heimsmarkmiðum um sjálfbærni samfélags.

Við færum bókaránun okkar, henni Hafdísí bestu þakkir fyrir að stýra þessari innleiðingu farsælegra og öðrum starfsmönnum einnig fyrir að taka þátt í framkvæmd með okkur. Við beinum þeim tilmælum til allra sem þurfa að senda reikninga til okkar setja þá í rafrænan farveg í stað þess að senda reikninga á pappír í pósti.

Minnt er á Hvatagreiðslur til íþróttalista- og tómstundaiðkunar Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2019

Eins og undanfarin ár veitir Flóahreppur hvatagreiðslur til íþróttalista- og tómstundaiðkunar.

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6 - 18 ára sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um hvatagreiðslur. Sjá nánar um hvatagreiðslurnar á heimasíðu Flóahrepps.

Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðri umsókn ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. maí fyrir hverja vorönn og fyrir **1. nóvember** fyrir hverja haustönn. Bent er á að nú er hægt að nálgast umsóknarformið **rafrænt** og fylla út á heimasíðu Flóahrepps og senda það beint **ásamt viðeigandi gögnum**.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð dagana 3. og 4. október n.k. vegna

fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Ráðstefnan er haldin fyrir

sveitarstjórnarmenn, starfsmenn sveitarfélaga og aðra áhugasama aðila.

Dagskráin miðar að einhverju leyti við undirbúning þeirrar vinnu sem er framundan hjá öllum sveitarfélögum við stefnumótun og fjárhagsáætlanagerð fyrir næstu fjögur ár. Einnig eru fróðleg innlegg frá sveitarfélögum sem hafa sýnt sérstakt frumkvæði við innleiðingu nýjunga og verkefna sem stuðla að hagræðingu. Má geta þess að uppselt var á ráðstefnuna fyrir tveimur vikum og eftir því að dæma virðist dagskráin sérstaklega áhugaverð í ár.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Aðalfundur Hraungerðissóknar

Verður haldinn í Þingborg 21. október kl 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.

Sóknarnefndin

Við í 10. bekk ætlum að fara að safna dósnum og verðum á ferðinni um sveitina nú í október og söfnum einnota dósnum og flöskum til fjáröflunar fyrir útskriftarferð í vor. Vonandi fáum við góðar viðtökur þegar við birtumst.

Bestu kveðjur

10. bekkur Flóaskóla

Úppskriftahornið

Í dag er mánudagur, þrátt fyrir að vera fallegur dagur er mánudagur engu síður og á mánudögum borðar maður fisk.

Í kvöldmatinn hjá mér er pönnusteikt lúða með sveppum, lauk og smjörsteiktu rósakáli. Lúðunni velt uppúr olífuolíu og sítrónusafa og kryddað með salti, pipar og fiskikryddi.

Niðurskornir sveppir og laukur settir á pönnu og steiktir uppúr gomu af smjöri á meðal háum hita. Þegar þetta verður fallega gulbrúnt er lúðan sett á miðja pönnuna og hinu miðlað til hliðar.

Lúðan er steikt báðum megin oftast í 2-3 mín á hvorri hlið fer eftir stærð og mikilvægt að sulta yfir hana smjörinu og því sem er í pönnuni af og til. Þegar lúðan er tilbúin er settur sítrónusafi og meira smjör í pönnuna ásamt niðurskornri steinselju til að malla þunna sósu á lágum hita, sem verður sett yfir fiskinn með lauknum og sveppunum.

Á aðra pönnu set ég slatta af smjöri á pönnu með dass af niðurrifnum hvítlauk á meðal háan hita, þar næst sker ég rósakál til helminga og set á pönnuna eins og kemst fyrir og velti því uppúr smjörinu þangað til rósakálið verður fallega brúnt og stökkt. (Salt og pipar eftir bragði) Mæli einnig með tzatziki sósu með þessu öllu saman, uppskrifina af henni má finna bara á netinu.

Ég skora á frænda minn og nágretta hann Axel Pál að sýna sveitungum sínum í tvo heimana í eldhúsinu.

Halldór Bjarnason, Syðri-Gróf

Árgjald Umf. Þjótanda

Í október munu greiðsluseðlar fyrir árgjald Umf. Þjótanda birtast á heimabönkum félagsmanna. Árgjaldið verður líkt og á síðasta ári 1500 kr fyrir fjölskyldur með 1-2 félagsmönnum en 2500 fyrir fjölskyldur með fleiri félagsmönnum.

Stjórnin

**Kvenfélag Hraungerðishrepps
Samvera og haustfundur**

Mánudaginn 14. október verður samverustund kl. 20 í Þingborg
(herbergi)

Við ætlum að rabba um vetrarstarfið og hafa gaman saman.

Haustfundur□

**Þriðjudaginn 22. október kl. 20 verður haustfundurinn
haldinn í Þingborg.**

Gengið inn bakatil um íþróttadyr.

Venjuleg fundarstörf.

Kaffisþjall og notalegheit.

Allar konur eru velkomnar.

Lesið verður úr nýútkominni ljóðabók eftir Jósefinu Meulengrach Die-
trich. Jósefinubók .

Jósefina er læða á Akranesi, hún er skáldalæða og mannfræðingur.

Í kaffihóp eru:

*Guðbjörg Jónsdóttir, Halla Kjartansdóttir, Helga Sigurðardóttir og
Auður Atladóttir*

Með kveðju
Stjórnin.

Skógrækt - Suðurlandsskógar

Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps heldur fund með íbúum
15. október nk. kl. 20:00 í Felagsheimilinu Þingborg.

Fundarefni er kynning á Suðurlandsskógum og hvernig
landeigendur geta gerst aðilar að því verkefni. Hvað þarf til svo
hægt sé að taka þátt í þessu verkefni? Hvernig er þetta unnið?
Hver er kostnaður? Hver er ávinningurinn?

Aðili frá Suðurlandsskógum verður með kynningu á verkefninu
og svarar fyrirspurnum.

Íbúar eru hvattir til að mæta og fræðast um Suðurlandsskóga.

Fréttir frá Krakkaborg



Í Krakkaborg er alltaf nóg að gera og er nú hópastarf komið á fullt á öllum deildum. Starfið er eins og áður bæði krefjandi og skemmtilegt. Nemendur sinna útinámi af mikilli elju þrátt fyrir vætu og vind enda allir vel búnir til útivistar sama hvernig viðrar. Grænmetisuppskeran vakti mikla lukku og fóru stoltir nemendur heim með sitt eigið grænmeti, kartöflur, grænkál og gulrætur. Eins útbjuggu og snæddu nemendur og kennarar ýmislegt góðgæti úr uppskerunni svo grænkálssnakk og fleira.

Degi íslenskrar náttúru var fagnað með sama hætti og á liðnum árum þar sem allir nemendur skólans tóku þátt í útileikjum og vísinda athugunum á túninu við Þingborg.

Starfsfólk Krakkaborgar sóttu nýverið námskeið á vegum Barnaheilla um vináttu leikskólanemenda og forvarnir gegn einelti. Allir nemendur Krakkaborgar munu taka þátt í verkefninu sem fer vel af stað, enda mjög skemmtilegt og námsgögnin ekki af verri endanum; m.a. yndislegur lítill bangsi sem auðvelt er að vingast við. Unnið verður markvisst með þetta námsefni á öllum deildum skólans. Áhugasamir geta kynnt sér efnið á vef Barnaheilla <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta>

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Tek að mér almenna gröfupjónustu og jarðvinnu, bæði stærri verk eins og gröft fyrir húsgrunnum, fyllingu í sökkla, jöfnum lóða o.fl. en einnig smærri verk eins og fínvinnu í lóðafrágangi, lagnavinnu, fínjöfnun o.fl.

Sturla Már Jónasson
Hnaus, Flóahreppi
sturlamar1@gmail.com
s. 891 7336

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Haustfundurinn verður haldinn í Þjórsárveri 17. október kl 20. Mætum sem flestar með góða skapið og ræðum starfið framundan.

Kaffikonur eru: Sigríður M. Björgvinsdóttir, Sigrún Hrefna Arnardóttir, Valgerður Gestsdóttir og Þorbjörg Vilhjálmsdóttir

Göngutúrar í október

Skemmtinefndin stendur fyrir hressandi göngutúrum alla mánudaga í október. Lagt verður af stað frá Skagás kl 16:15 og genginn passlegur hringur. Allir eru velkomnir með og mælt með að klæða sig eftir veðri hverju sinni.

Frá Hraungerðis og Villingaholtskirkjum

Kæru sveitungar.

Eins og mörgum er kunnugt, þá hætti Ingi Heiðmar Jónsson sem organisti við kirkjurnar 1. ágúst s.l. Hann var búinn að vera organisti í fjölmörg ár og þökkum við honum af alhug fyrir hans góða starf alla tíð.

En maður kemur í manns stað og hefur Guðmundur Eiríksson verið ráðinn organisti við kirkjurnar. Hann hefur spilað við kirkjurnar í forföllum Heiðmars s.l. ár og er því kórfólki og prestum vel kunnugur. Kóræfingar verða eins og áður á þriðjudagskvöldum kl. 20.00 í Þingborg. **Fyrsta æfing vetrarins verður þriðjudagskvöldið 1. október kl. 20.00.**

Fastur kjarni hefur verið í kirkjukórnum mörg síðast liðin ár, **en laus eru pláss í öllum röddum og vonumst við til að sjá nýja kórfélaga á fyrstu æfingum vetrarins.**

Fyrsta messa vetrarins verður sunnudaginn 13. október kl. 13.30 í Villingaholtskirkju. Við hvetjum ykkur til að fjölmenna í kirkjuna.

Sóknarnefndirnar

Flóamannabók á lokametrunum

Eins og mörgum mun kunnugt er verið að skrifa sögu hreppanna sem nú mynda Flóahrepp: Hraungerðis- Villingaholts og Gaulverjabæjarhreppa. Þar er að verki Jón M Ívarsson sagnfræðingur frá Vorsabæjarhóli. Bækurnar verða tvær um hvern hinna gömlu hreppa og bindin tvö um Hraungerðishrepp eru að verða tilbúin undir prentun og koma væntanlega út fljótlega eftir næstu áramót. Hvort bindi um sig verður um 500 bls. með 800 myndum sneisafullt af fróðleik.

Sunnlenskar byggðir komu út fyrir um 40 árum og hafa verið biblíu fólksins í fróðleik um fólk og sögu Flóans. Hvar sem maður kemur eru þær orðnar slitnar og farnar úr böndunum. Fjörutíu ár er langur tími og kynslóðaskipti hafa orðið nánast á hverjum bæ ásamt nýbýlum og sumarhúsum og þar hefur bæst við merka sögu okkar Flóamanna á svo mörgum sviðum. Texti Flóamannabókar verður tvískiptur: Fyrst er upptalning fjölskyldunnar svipað og í ættarbókum og síðan saga hvernar fjölskyldu bújörð af bújörð ásamt myndum af fólkinu. Ennfremur verða bækurnar gríðarlegur fróðleikur um fjölskyldurnar mann fram af manni sem bjuggu í Flóanum því er mikill áhugi þeirra sem ættir eiga að rekja eða tengjast sveitunum og eru burtfluttir að fræðast um forfeður sína.

Þetta hefur Jón unnið í samstarfi við ábúendur á hverri jörð fyrir sig og afkomendur þeirra og fengið myndir frá þeim af fjölskyldunni og myndir af hverjum bæ. Ábúendur og afkomendur hafa lesið yfir texta um sig og sína jörð. Ennfremur verður nokkuð skýr jarðalýsing með örnefnaskrá af hverri jörð og atvinnu og félagsmálasaga hreppanna rakin í bókunum. Þessar bækur eiga heima á hverjum bæ og verða hin nýja bók bókanna. Ritnefndin mun gera sitt til að auðvelda fólki að eignast bækurnar og verðinu verður stillt í hof.

Við sem sitjum í ritnefndinni eigum því erindi við ykkur öll sem í Flóahreppi búið og þar eigið ykkar spor frá æskuárum, á næstu mánuðum til að tryggja ykkur Flóamannabók á eldhúsborðið ykkar. Ritnefndina skipa auk Jóns M. Ívarssonar, Brynjólfur Ámundason, Guðni Ágústsson, Veronika Narfadóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Bjarni Pálsson, Sigmundur Stefánsson og Þórdís Kristjánsdóttir. Guðmundur Stefánsson og Svavar Sigmundsson frá Hraungerði hafa verið Jóni til aðstoðar og lesið textann yfir. Við vonum að allir þeir sem unna sögunni og fróðleik vilji eignast þessar bækur og fólki

gefst kostur að fá nafn sitt skráð í bókina í heiðursáskrift. Sigmundur Stefánsson sími 898-6476 sigmundurstef@gmail.com og Guðrún Tryggvadóttir sími 894-4448 grenigrund@islandia.is munu taka á móti þöntunum í bókina.

Árlega hefur nefndin staðið fyrir Kótelettukvöldum í Þingborg og verður hátíðin samkvæmt venju á vetrardaginn fyrsta laugardaginn 26. okt næstkomandi.

Guðni Ágústsson

Pistillinn

Takk fyrir áskorunina Fanney.

Mig langar að segja frá því þegar ég byrjaði að þrjóna en það er vel við hæfi því það var fyrsta veturinn sem ég átti heima í Flóahreppi. Ég og maðurinn minn Axel Páll fluttum hingað sumarið 2011 þegar við gerðum upp Rima, sumarbústaðinn hér við afleggjarann. En í janúar þegar dóttir okkar fæddist var ég mikið ein heima þar sem Axel Páll var sjómaður og ofan á það var veturinn snjóþungur svo ég hætti mér ekki mikið að heiman með ungabarn. Í mars þegar ég var búin að horfa á allt sem hægt var að horfa á ákvað ég að rifja upp hvernig maður þrjónar. Ákvað að þrjóna mér lopapeysu og gekk það ágætlega þar til ég átti að ganga frá undir höndunum. Þetta varð svo ljótt að orð fá því ekki lýst svo ég þrjónaði aðra og reyndi aftur. Sama sagan hvort sem ég saumaði frá röngunni, réttunni eða á hvolfi... stórslys. Ég hafði það bak við eyrað að hún tengdamóðir mín hún Lilja væri þrjónasnillingur svo ég þrjónaði þriðju peysuna til þess að fara með til hennar svo hún gæti leiðbeint mér. Þetta var nú ekkert stórmál en það sem maður kann og veit er auðvelt. Svo var ég heppin að Lilja lagaði fyrstu tvær peysurnar fyrir mig svo þær væru nothæfar.

Um vorið var komin upp sú staða að peysurnar voru farnar að yfirtaka húsið okkar. Þá kom sér mjög vel að mamma mín og fóstri reka ferðapjónustu í Steinsholti í Gnúpverjahreppi. Þar hef ég svo selt afraksturinn þar sem þrjónaskapurinn hefur heldur betur undið upp á sig, nokkur hundruð peysur, vesti, lopagallar og annað smærri.

Að þrjóna er klárlega ein besta og gefandi afsökun fyrir því að sitja og horfa á sjónvarpið!

Að lokum vil ég skora á Bjarka í Mjósynði að skrifa næsta pistil.

Elísabet Thorsteinson

Fréttir frá Flóaskóla

Flóaskóli var settur 22. ágúst s.l. og fer skólastarfið vel af stað þetta skólaárið. Nemendur eru 102 og er fjöldi í árgöngum á bilinu 5 – 14 nemendur, fjöldi starfsmanna er 30 í fjölbreyttum verkefnum eins og vera ber. Í vetur verður lögð áhersla á að þróa og efla teymiskennslu og einstaklingsmiðað nám þar sem stoðþjónustan skipar stórt hlutverk. Áfram verður unnið samkvæmt hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar og innleiðingu Grænfánaverkefnisins. Síðast liðið vor var samþykkt læsisstefna Flóahrepps og er nú unnið að útfærslum og framkvæmd þeirrar stefnu innan skólans. Fjölbreytt verkefni eru í gangi og er hér greint frá nokkrum þeirra.

Olympíuhlaup ÍSÍ – Norræna skólahlaupið

30. september tóku 96 nemendur þátt í hlaupinu og völdu sér vegalengd við hæfi. Halupið var eftir Hamarsveginum og var skiptingin sem hér segir:

10 km. – 24 nemendur

5 km. – 34 nemendur

2,5 km. – 38 nemendur

Morgunhressing

Nemendum stendur til boða að fá sér morgunhressingu í skólanum áður en farið er í frímínútur á morgnana og hefur um nokkurn tíma verið boðið upp á ávexti. Sú nýbreytini var tekin upp í haust að bjóða nemendum upp á hafragraut í stað eða með ávöxtunum. Nýtur grauturinn mikilla vinsælda hjá nemendum og hefur komið upp sú staða að útbúa þarf auka skammt enda margir orðnir svangir klukkan 9.30 ef morgunmaturinn er borðaður kl. 7 að morgni.

List- og verkgreinar í 7. – 10. bekk: Nemendur í myndmennt og heimilisfræði fóru í vettvangsferð í Friðheima fimmtudaginn 5. september. Þar var vel tekið á móti þeim og fengu þau góða kynningu á starfseminni. Kennarar vinna svo þemavinnu með nemendum út frá þessari heimsókn. Eftir áramót fer hinn helmingurinn af nemendum í 7. -10. bekk í samskonar ferð og vinnur verkefni.

Útinám og útivera

Aukin áhersla er á útiveru og útinám og var sérstök áhersla lögð á þá þætti í upphafi skólaárs. Meðal annars fóru nemendur í 1. – 3. bekk í berjamó og nemendur í 4. – 6. bekk hafa verið að kanna hvaða plöntur er að finna á

skólalóðinni. Auk þess tóku þau þátt í verkefni Landverndar í tilefni dags íslenskrar náttúru 16.september s.l. Verkefnið gekk út á samvinnu nemenda í litlum hópum og að rannsaka gróður og lífverur í litlum afmörkuðum römmum sem nemendur bjuggu sjálfir til. Einnig fer öll íþróttakennsla fram utandyra fram í miðjan október. Allt umhverfi Flóaskóla býður upp á kjöraðstæður til útnáms og einstaka tengingu við náttúruna. Það er markmið okkar að efla þann þátt enn frekar í skólastarfinu og vinna með þá þætti þvert á allar námsgreinar.

Gullin í grenndinni

Samstarfsverkefni Krakkaborgar og Flóaskóla, Gullin í grenndinni, sem hófst sl. skólaár heldur áfram í vetur með svipuðu sniði. Nemendur frá báðum skólunum hittast í Skagás og vinna ýmis verkefni s.s. læra um birki- og furutré, finna leynistaði og leika í frjálsum leik.

Fjáröflun og frímínútnagæsla

Árlegur viðburður í skólastarfinu er vorferð nemenda í 10. bekk. Nemendur ákveða í samráði við foreldra og umsjónarkennara hvert skal haldið en um er að ræða 3 daga ferð. Þessu fylgir að jafnaði nokkur kostnaður sem heimilin greiða og hafa nemendur farið ýmsar leiðir í fjáröflun s.s. flöskusöfnun, bingó og sjoppu í opnu húsi. Auk þess hafa nemendur tekið að sér frímínútnagæslu þar sem þau eru starfsmönnum skólans til aðstoðar við gæslu yngri nemenda. Þetta fer vel af stað hjá 10. bekknum okkar í vetur og sinna þau hlutverki sínu í gæslunni með miklum sóma. Skólinn greiðir nemendum laun fyrir þessa vinnu og rennur sú upphæð í sameiginlegan sjóð nemenda í 10. bekk.

Starfsdagur verður hjá starfsmönnum Flóaskóla 4. október n.k. og fellur allt skólastarf niður þann dag auk þess sem Frístund verður lokuð. Starfsmenn fjölmenna á Menntavíkuviku á vegum menntavísindasviðs HÍ og kynna sér það sem er efst á baugi í menntamálum og rannsóknum.

Fyrir hönd starfsmanna Flóaskóla,
Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri.

Tónahátíð í Félagslundi 15. nóvember

Tríóið GÓSS mun spila fyrir gesti. Tríóið skipa Sigríður Thorlacius, Sigurður Guðmundsson og Guðmundur Óskar Guðmundsson. Nánar auglýst síðar.

Menningarnefnd Flóahrepps

Langspilsvaka 2019

Helgina 26. - 27. október fer fram Langspilsvaka 2019 á Íslenska bænum í Austur-Meðalholtum, tónlistarhátíð tileinkuð íslenska langspilinu. Meðal flytjenda eru Björg Þórhallsdóttir sópran, Elísabet Waage hörpuleikari, Hilmar Örn Agnarsson organisti, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir barokksellóleikari, Rósa Þorsteinsdóttir kvæðakona, Sönghópurinn Voces Thules, Eyjólfur Eyjólfsson tenór og langspilsleikari og nemendur úr Flóaskóla.

Dagskrá laugardagsins er æði fjölbreytt. Hátíðin hefst kl. 14:00 í sýningarskála staðarins með sýningu á 18 langspilum sem nemendur í 5. og 6. bekk í Flóaskóla smíðuðu undir handleiðslu Eyjólfssonar síðasta vetur. Kl. 15:00 mun Rósa Þorsteinsdóttir ásamt fleirum kveða velvaldar rímur í gömlu baðstofunni og þar verður einnig leikið á langspil. Fyrri tónleikar laugardagsins hefjast kl. 16:00 og verða tileinkaðir kirkjutónlist þar sem leikið verður undir söng á harmóníum, langspil og hörpu. Kl. 20:30 fara fram seinni tónleikarnir en þeir verða á veraldlegum nótum þar sem gömlu hljóðfærin fá á sig annan og fjörlegri blæ. Í kjölfarið breytist sýningarskálinn í danssal þegar Atli Freyr Hjaltason þjóðdansari mun leiða danssporin í gömlu dönsunum og hinum ýmsu þjóðdönsum eins og vikivaka.

Dagskrá sunnudagsins verður tileinkuð langspilssmíðaverkefninu í Flóaskóla. Húsið opnar kl. 14:00 með fyrrnefndri langspilssýningu. Lokaatriði hátíðarinnar hefst svo kl. 15:00 þegar nemendur í Flóaskóla syngja nokkur lög úr Þjóðlagasafni sr. Bjarna Þorsteinssonar og leika undir á eigin langspil.

Kaffisala verður í sýningarskála staðarins þar sem í boði verður kunnuglegt kruðerí. Nánari upplýsingar um dagskrá og flytjendur hátíðarinnar verður hægt að nálgast á vefsíðu Íslenska bæjarins www.islenskibaerinn.is og á www.langspil.is.

Úrslit af Flóamóti

Flóamótið fór fram í finu veðri 6. september sl. Þátttakan var góð og margir foreldrar sem lögðu hönd á plóginn við framkvæmd mótsins. Í lokin fengu allir grillaðar pylsur og viðurkenningu fyrir þátttökuna. Hér koma úrslit mótsins:

400 m hlaup 5.-7. bekkur

Svandís Aidken Sævarsdóttir	1:27 mín
Helgi Reynisson	1:31 mín
Karólína Þórbergisdóttir	1:32 mín
Arnór Leví Sigmarsson	1:42 mín
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	2:03 mín
Eyþór Bergmann Ingvarsson	2:17 mín
Þórarinn Óskar Ingvarsson	2:29 mín
Tumi Þór Svansson	2:41 mín

400 m hlaup 8.-10. bekkur

Sigurjón Reynisson	1:11 mín
Daði Kolviður Einarsson	1:15 mín

Langstökk 5.-7. bekkur

Svandís Aidken Sævarsdóttir	3,99 m
Helgi Reynisson	3,67 m
Benóný Ágústsson	2,96 m
Arnór Leví Sigmarsson	2,91 m
Karólína Þórbergisdóttir	2,87 m
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	2,78 m
Eyþór Bergmann Ingvarsson	2,74 m
Óskar Sigurðsson	2,65 m
Ásdís Eva Magnúsdóttir	2,38 m
Þórarinn Óskar Ingvarsson	2,28 m
Hjörleifur Máni Rúnarsson	1,80 m
Tumi Þór Svansson	1,52m

Langstökk 8.-10. bekkur

Sigurjón Reynisson	4,08 m
Ágúst Þorsteinsson	3,48 m

400 m 1.-4. bekkur

Kristófer Máni Andrason	1:25 mín
Bjarki Rafn Reynisson	1:31 mín
Kári Einarsson	1:36 mín

Guðni Bóas Davíðsson	1:37 mín
Garðar Þór Jónsson	1:42 mín
Már Óskar Bjarnason	1:48 mín
Óskar Hansson	2:16 mín
Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	2:19 mín

Kúluvarp 1.-4. bekkur (2kg)

Bjarki Rafn Reynisson	6,51 m
Kári Einarsson	5,95 m
Garðar Þór Jónsson	5,21 m
Kristófer Máni Andrason	,21 m
Guðni Bóas Davíðsson	5,05 m
Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	3,98 m
Ásta Björg Jónsdóttir	3,77 m
Jón Óliver Rúnarsson	3,76 m
Matthilda Sigurðardóttir	2,47 m

Kúluvarp 5.-6. Bekkur strákar (2kg)

Benóný Ágústsson	6,08 m
Björgvin Guðni Sigurðsson	5,44 m
Hjörleifur Máni Rúnarsson	5,35 m
Tumi Þór Svansson	4,55 m
Þórarinn Óskar Ingvarsson	3,99 m

Kúluvarp 7.-8. Bekkur (3kg)

Óskar Freyr Sigurðsson	6,90 m
Eyþór Bergmann Ingvarsson	5,37 m
Arnór Leví Sigmarsson	5,00 m

Kúluvarp 9.-10 bekkur (4kg)

Ágúst Þorsteinsson	9,43 m
Sigurjón Reynisson	7,61 m

Kúluvarp stelpur 5.-8. bekkur (2kg)

Svandís Aidken Sævarsdóttir	7,45 m
Ásdís Eva Magnúsdóttir	6,74 m
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	5,69 m
Karólína Þórbergsdóttir	5,05 m

Langstökk 1.-4. bekkur

Bjarki Rafn Reynisson	3,53 m
Kári Einarsson	3,33 m
Kristófer Máni Andrason	3,09 m
Garðar Þór Jónsson	3,00 m
Guðni Bóas Davíðsson	2,92 m

Már Óskar Bjarnason	2,68 m
Jón Oliver Rúnarsson	2,50 m
Ásta Björg Jónsdóttir	2,27 m
Baldur Ragnar Ragnarsson	2,04 m
Matthilda Sigurðardóttir	2,03 m
Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	1,74 m
Kristín María Sigurðardóttir	1,23 m

60 m hlaup 1.-4. bekkur

Bjarki Rafn Reynisson	9,6 sek
Kristófer Máni Andrason	10,3 sek
Garðar Þór Jónsson	10,4 sek
Guðni Bóas Davíðsson	10,4 sek
Kári Einarsson	10,5 sek
Karólína Þórbergisdóttir	10,6 sek
Baldur Ragnar Ragnarsson	10,9 sek
Óskar Hansson	11,7 sek
Ásta Björg Jónsdóttir	12,2 sek
Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	13,4 sek
Matthilda Sigurðardóttir	13,5 sek
Lilja Reynisdóttir	16,3 sek
Kristín María Sigurðardóttir	18,4 sek

60 m hlaup 5.-6. bekkur

Helgi Reynisson	9,8 sek
Benóný Agústsson	10,6 sek
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	10,7 sek
Þórarinn Óskar Ingvarsson	12,6 sek
Eyþór Bergmann Ingvarsson	12,8 sek
Tumi Þór Svansson	13,7 sek

100m hlaup 7.-10. bekkur

Daði Kolviður Einarsson	14,2 sek
Sigurjón Reynisson	14,5 sek
Svandís Aidken Sævarsdóttir	15,5 sek
Arnór Sigmarsson	17,0 sek
Óskar Sigurðsson	21,5 sek



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Kótelettukvöldið í Þingborg 2019!

Hið árlega Kótelettukvöld verður haldið í Þingborg laugardagskvöldið 26. október n.k. fyrsta vetrardag. Uppskeruhátíð Flóamanna og styrktarhátíð Flóamannabókar.

Samkoman hefst klukkan 20.30 húsið opnar kl. 20.00 Kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti. Eftirréttur Ís frá Kjörís (gos, rauðvín og bjór selt af bar) Veislustjórar: Bjarni Stefánsson og Guðni Ágústsson.

Skemmtiatriði: Eyþór Ingi Gunnlaugsson stórsöngvari og skemmtikraftur. Bassi eða Björn Þórarinnsson frá Glóru með dinnermúsík og fjör. Happdrætti góðir vinningar samkvæmt venju og margar fleiri uppákomur.

Miðapantanir og borð:

Guðrún Tryggvadóttir í síma 894-4448 netf:grenigrund(hja)islandia.is
Sigmundur Stefánsson í síma 898-6476 netf:sigmundurstef(hja)gmail.com

Húsið tekur 200 manns í sæti, gott að panta tímanlega, fullt hús í fyrra. Miðaverð er 7.000 kr. Tekið verður á móti greiðslu eða reiðufé og/eða af kortum við inngang.

Allur ágóði rennur til Flóamannabókar.

Allir Flóamenn, frændur og vinir fólksins í Flóanum velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Dagskrá mánaðarins

Eftir-Réttaballið	5. október
Íþróttæfingar	7. október
Messa í Villingaholtskirkju	13. október
Samverustund Kvenfélag Hraungerðishrepps	14. október
Íþróttæfingar	14. október
Fundur um Suðurlandsskóga	15. október
Haustfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	17. október
Aðalfundur Hraungerðissóknar	21. október
Íþróttæfingar	21. október
Haustfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	22. október
Kótelettukvöld í Þingborg	26. október
Langspilsvaka í Gamla bænum	26.-27. október
Íþróttæfingar	28. október